

Kæri menntamálaráðherra.

Stjórn Líffræðifélags Íslands lýsir með bréfi þessu áhuga sínum á því að sómasamlegt náttúruminjasafn rísi á Íslandi.


Þekking á líffræði og lífríki Íslands bæði í hafinu umhverfis landið og á landinu sjálfu er bæði fróðleg og mikilvæg fyrir farsæla búsetu í landinu. Nýting náttúrulegra stofna og náttúruvernd byggir á því að slík þekking sé til staðar en auðlindir landsins og hafsvæðanna eru að stórum hluta lífrænar. Það skiptir miklu máli að við gerum okkur ljósar þær hættur sem tengjast breytingum á náttúrunni vegna umgengni okkar, hlýnunar loftslags, breytilegra hafstrauma, hafíss og veðurs og lærum að bregðast við þeim af skynsemi og yfirvegum.

Í dag eru stundaðar fjölbættar rannsóknir á lífríki Íslands og töluverð þekking er til staðar á ólíkum stofnunum víðsvegar á Íslandi. Nokkur söfn lífvera (fugla, botndýra, fiska o.s.frv.) eru til hérlendis, eins og hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en þeim hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Söfnun slíkra lífssýna er aðallega háð framtaki og áhugasviði einstakra vísindamanna, og spanna því ekki fjölbreytileika lífríkis landsins og hafsins umhverfis. Gott lífsýnasafn, sett upp á skipulegan hátt í samvinnu við helstu rannsóknarstofnanir landsins væri mjög verðmætt, og gæti eflt rannsóknir á Íslandi þar sem vísindamenn, innlendir og erlendir, gætu fengið aðgang að sýnum og jafnvel unnið að rannsóknum (eins og þekktist við söfn erlendis). Gott safn leiðir til sparnaðar við sýnatöku og alþekkt að athuganir mismunandi hópa á sömu sýnum geta verið ákaflega gagnlegar.

Náttúruminjasafn gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að vekja áhuga hjá og fræða almenning um náttúruna. Hér má sérstaklega nefna yngstu kynslóðir og námsmenn, en safnið gæti tekið virkan þátt í náttúrufræðikennslu. Rannsóknir á lífríki Íslands byggja á því að góðir áhugasamir nemendur leggi stund á náttúrufræði. Einnig hafa fjölmargir ferðamenn sem koma til Íslands sérstakan áhuga á að kynna sér hérlenda náttúru, t.d. jarðsögu og fuglalíf. Það er augljós þörf á safni helguðu kynningu á náttúru landsins og hafinu umhverfis. Slíkar kynningar gætu verið með ýmsu móti, t.d. með sýningum á lífverum, kvikmyndasýningum og fyrirlestrum.

Líffræðifélags Íslands óskar eftir að menntamálaráðherra taki á málinu með alvöru og festu og að sem fyrst verið komið upp náttúruminjasafni sem þjóni nemendum, almenningi og fræðimönnum.

Með bestu kveðjum
Stjórn Líffræðifélags Íslands
Snæbjörn Pálsson formaður
Bjarni Kr. Kristjánsson næstráðandi
Arnar Pálsson ritari
Snorri Páll Davíðsson gjaldkeri
Stefanía Lind Stefánsdóttir fulltrúi líffræðinema



Afrit sent menntamálanefnd